

þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Ár. 1912, mánudaginn 11. nóvember.

Nr. 15/1912

Lárus Fjeldsted
fyrir hönd
Waldemar Petersens
gegn
F. C. Möller.

D ó m u r :

F. C. Möller umboðssali, sem stefndur er í máli þessu, var í bæjarþingi Reykjavíkur 14. des. f. á. dæmdur til að greiða umbjóðanda sínum, Waldemar Petersen stórkaupmanni í Kaupmannahöfn, oftekin umboðslaun kr. 793.34 með 6% ársvöxtum frá 16. maí f. á. til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir Lárus Fjeldsted yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir hönd Waldemars Petersens, áfrýjað til yfirdómsins, með stefnu dags. 16. apríl þ. á., og krafist þess, að krafa hans fyrir undirrétti á hendur stefnda, kr. 1694.28, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, verði að fullu tekin til greina, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi.

F. C. Möller hefir gagnáfrýjað dómnum með stefnu dags. 18. maí þ. á. og krafist fullrar sýknunar í málinu og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfir-dómsins.

Stefndi í aðalsökinni var um nokkur ár umboðssali eða farandsali á Íslandi og Færeyjum fyrir aðaláfrýjanda, og var samningur um það gjörður milli þeirra, dags. 12. sept. 1906. Þar er svo ákveðið, að stefndi gjöri sér ferðir um Ísland og Færeyjar til að selja vörur frá verzlun áfrýjanda; skuli hann innheimta andvirði þeirra og fá í sölulaun 10% af nettóverði þeirra, en af China Livs-elixir 5%; þó skildu sölulaun falla niður að nokkru eða öllu leyti af þeim vörum, er eigi væru borgaðar að fullu, og endurgreiðast af stefnda, ef þau hefðu til hans gengið. Svo var og um samið, að stefndi skyldi bera ábyrgð (del credere) á 10% af þeim upphæðum, er á brysti, að full borgun greiddist fyrir vörur þær, er hann seldi.

Samkvæmt reikningi áfrýjanda, sem nær til 24. apríl 1909, hefir stefndi reiknað sér og meðtekið sölulaun kr. 1416.85 af óborguðum vörum, og þá upphæð telur áfrýjandi hann eiga að endurgreiða eftir samningnum, þó að frádragnum kr. 28.43, sölulaunum af upphæð, er áfrýjanda galzt eftir að málið var höfðað, og verður krafa hans um endurgreiðslu á sölulaunum þannig kr. 1388.42. Þá telur áfrýjandi og, að stefndi eigi eftir ábyrgðar-ákvæði samningsins að greiða sér 10% af ófánlegum skuldum, kr. 9293.71 fyrir vörur, er hann hafi selt, eða kr. 929.37. Verður skuld stefnda, þegar þessar upphæðir eru taldar honum til útgjalda, kr. 1694.28. Með hinum áfrýjaða dómi var ábyrgðarkrafan feld burtu, en krafan um endur-

greiðslu sölulauna tekin til greina að fullu, án frádráttar fyrgreindra kr. 28.43.

Aðaláfrýjandi hefir krafist að gagnsökinni verði vísað frá dómi, en engin rök fært fyrir þeirri kröfu, og kemur hún því eigi til álita.

Fyrir kröfu sinni um fulla sýknun hefir stefndi fyrst talið þá ástæðu, að samningurinn 12. sept. 1906 hafi verið gjörður að eins til málamynda (pro forma); það hafi aldrei verið tilætlunin að beita honum, því hafi áfrýjandi skýlaust lofað stefnda, og þessu til sönnunar eða styrkingar sé það, að reikningurinn hafi eigi verið gerður upp 3ja hvern mánuð, eins og samningurinn ákveði. Þetta sannar þó ekki, að samningurinn í heild sinni hafi átt að vera markleysa og gegn mótmælum áfrýjanda er eigi heimild til að álíta, að svo hafi verið. Þetta getur því eigi orðið stefnda til sýknunar. En hann heldur því þessu næst fram, að samningurinn hafi fyrir uppsögn sína verið orðinn ógildur 1. nóv. 1907, en eftir þann tíma hafi öll þau vörukaup gjörzt, er hin umkröfðu sölulaun eða ábyrgð séu talin af eða miðuð við; hann hafi að vísu fyrir bænarstað áfrýjanda tekið við pöntun á þessum vörum, en það hafi ekki komið samningnum við, og að öðru leyti hafi hann alls ekki verið í þjónustu áfrýjanda, boðið út vörur né ferðast fyrir hann. Af bréfi áfrýjanda til stefnda, dags. 23. sept. 1907, sést það, að stefndi hafði þá sagt upp samningnum þannig, að honum skyldi slitið 1. nóv. 1907, en eftir það virðist hann þó hafa haldið áfram umboðsmenskunni, sem áður, þangað til áfrýjandi með bréfi 26. sept. 1908, sagði samningnum upp til slita 1. maí 1909, og áfrýjandi heldur því fram, að samningurinn hafi verið í fullu gildi þangað til hann sagði honum

um upp, verður að álíta þetta rétt, með því að stefndi í fyrsta varnarskjali sínu fyrir undirrétti hefir kannast við, að hann hafi haft áminst starf á hendi fyrir áfrýjanda, þangað til hann sagði stefnda upp seint á árinu 1908, og þó að stefndi síðar í málinu hafi viljað breyta þessari skýrslu sinni, virðist það ekki verða tekið til greina gegn mótmælum áfrýjanda. Áfrýjandi á þannig samkvæmt ákvæðum samningsins tilkall til endurgreiðslu á sölulaunum af þeim vörum, er selzt hafa fyrir milligöngu stefnda en ekki borgast. En þar sem stefndi vill kenna það tómlæti og eftirgangsleysi áfrýjanda, að þessar vöruskuldir eru ekki innheimtar að mestu eða miklu leyti, þá er þessi staðhæfing eigi sönnuð, enda virðist hún eigi skifta máli, með því að ákvæði samningsins um endurgreiðslu sölulauna verður að skilja svo, að það eigi við alla þá vörupósta, sem ógreiddir voru þegar samningnum var slitið og reikningar gjörðir upp milli málsaðila og með því að enginn ágreiningur er um upphæð þessara vörupósta og að stefndi hafi meðtekið sölulaun af þeim, verður að telja það rétt, að áfrýjandi hefir í reikningnum fært stefnda til skuldar sölulaunin, sem eru eins og áður segir kr. 1388.42.

Ákvæði samningsins um ábyrgð stefnda verða þar á móti eigi skilin svo, að hann eigi að svara til 10% af öllum ógreiddum vöruskuldum, þegar hann hætti starfinu, en þessi ábyrgð verður að eins álitin ná til þeirra upphæða, er ófáanlegar reynast hjá kaupendum. Þetta viðurkennir og áfrýjandi með því að krefjast eigi ábyrgðar stefnda samkvæmt samningnum á öllum þeim skuldum, sem ógreiddar voru þegar honum var slitið. Hefir hann lagt fram skrá yfir viðskiftamenn, er hann telur suma

gjaldprotá og aðra svo félausa, að ekkert sé af þeim að hafa, þótt að þeim sé gengið. Eru það samtals kr. 9293,71, er hann telur ófáanlegar. Stefndi telur hins vegar að þessir menn, eða flestir þeirra, geti borgað skuldir sínar, ef eftir sé kallað með nægu fylgi. Það verður nú að álitast sannað, að þú sumra þessara manna hafi verið tekin til meðferðar sem þrotabú, en um það, hvort nokkuð eða hve mikið hafi verið greitt úr búunum upp í skuldarnar, eru engar upplýsingar, aðrar en skýrsla áfryjanda sjálfs um 2 eða 3 af búunum. Um aðrar skuldir hefir áfryjandi ekki heldur sannað gegn mótmælum stefnda, að þær séu ófáanlegar. Með því að þannig vantar ábyggilega skýrslu um þessa kröfu, verður hún ekki tekin til greina, og ber að sýkna stefnda af henni.

Eftir framansögðu hefir yfirdómurinn komist að sömu niðurstöðu eins og héraðsdómurinn, þó svo, að dómsupphæðin, sem fyrir er getið, færist niður um kr. 28,43, og verður því kr. 764,91. Með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann með nefndri breytingu.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi F. C. Möller greiði áfryjanda Lárusi Fjeldsted fyrir hönd Valdemar Petersens 764 kr. 91 eyri með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1911 til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.